

Akureyri, 10. júní 2024
UST202305-079/S.R.B.
08.04

Ákvörðun um framlengingu á starfsleyfi Stolt Sea Farm hf.

Vísað er til umsóknar Stolt Sea Farm hf. um endurnýjun á starfsleyfi, dags. 5. maí 2023., og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 14. maí sl.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 31. maí til og með 6. júní. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Gildistími starfsleyfisins var til 1. júlí 2024. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 1. júlí 2025.

Virðingarfyllt,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri